

Fundargerð 63. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 15. desember 2011, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,  
Árni Sigfússon,  
Inga Sólnes  
Berglind Kristinsdóttir  
Reynir Ólafsson,  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.  
Óli Halldór Konráðsson, verkefnastjóri, kom inn á fundinn undir lið 2.  
Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri, kom inn á fundinn undir lið 6.

1. *Fundargerð síðasta fundar*  
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Rammi fjárhagsáætlunar 2012*  
Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012. Stjórn samþykkti fjárhagsáætlun 2012 sem miðast við að hreyfingar vegna framsals gatnakerfis og seldra húsgagna með fasteignum séu áfram færðar í uppgjöri á viðskiptareikning við Ríkissjóð og séu jafnaðar út á móti sölutekjum af fasteignum.
3. *Stefnumótum ÞK*  
Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn að unnið væri að því að setja saman heildstæða stefnumótun fyrir Þróunarfélagið. Áætlað er að hún verði tilbúin í janúar. Unnið er út frá þeirri sviðsmyndavinnu sem Þróunarfélagið, ásamt lykilaðilum á svæðinu, svo sem sveitarfélög ofl. tóku þátt í fyrir á árinu. Árni Sigfússon leggur til að lokadrög stefnumótunarvinnunnar verði kynnt fyrir lykilaðilum á svæðinu þegar hún er tilbúin. Stjórnin tekur undir það.
4. *Seltún - staða*  
Stjórn var upplýst um stöðu mála er varða Seltún.
5. *Keilir – forkaupsréttur hlutaðfjár*  
Stjórn samþykkti að falla frá forkaupsrétti sínum í hlutafé Keilis sbr. bréf frá Keili.
6. *Kaldastríðs – og Herminjasafn*  
Sigurgestur kynnti fyrir stjórn þá vinnu sem lögð hefur verið í við Kaldastríðs- og herminjasafns í Officeraklúbbi. Upplýsti hann að ráðin hefur verið til verksins faglegur ráðgjafi, Sigrún Kristjánsdóttir, ásamt því að skipað hafi verið fagråd sem kemur einnig að uppbyggingu safnsins. Í fagráðinu sitja

ásamt Sigurgesti og Sigrúnu: Friðþór Eydal fyrrverandi upplýsingafulltrúi Varnarliðsins, Stefán Pálsson sagnfræðingur, Valgerður Guðmundsdóttir menningafulltrúi Reykjanesbæjar og Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar.

7. Önnur mál

*Erindi til Ríkisendurskoðunar.*

Lagt fyrir stjórn. Stjórn fól stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

*Háskólavellir.*

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála varðandi Háskólavelli fyrir stjórn.

*Raflestarsamgöngur.*

Rætt var um raflestarsamgöngur milli FLE og höfuðborgarsvæðisins. Umræður um uppbyggingu slíkra samgangna snýr að heildarskipulagi á suðvesturhorni landsins til næstu 20-50 árin.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Stefnt er að næsti stjórnarfundur verði 12. janúar 2012.

Ullgi A. Velljal  
Jóni Spurr  
Jónsína Óstf  
Sýra S. S. S.  
Berglind Kristin